



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Múlaborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	4
3 Ytra mat	12
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	13
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	13
6 Foreldrasamvinna	14
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
8 Fylgigögn	16
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	16



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra 2020 - 2021

Múlaborg er sérhæfður ráðgjafaskóli og er mikill metnaður lagður í að framfylgja stefnu leikskólans. 80 börn eru í leikskólanum og þar af eru sex til átta börn með sérþarfir og fá fullan stuðning. Lögð er áhersla á að framfylgja stefnu leikskólans sem er “Leikskóli fyrir alla” með því að koma til móts við öll börn.

Samstarf við Háaleitisskóla gekk vel fram eftir hausti en minna á vorönn vegna Covid-19.

Áætlað var að fara til Póllands í liðsheildar og fræðsluferð en hætt var við vegna ástands í heiminum. Það bíður betri tíma.

Starfsþróunarsamtöl féllu niður vegna sérkennilegs ástands í skólaumhverfinu vegna Covid-19. Vonandi verður bætt úr því von bráðar.

Á skipulagsdegi í október fengum við til okkar Emilíu Rafnsdóttur með fræðslu til að skerpa á læsi með yfirskriftinni, Læsi i víðum skilningi, fyrir starfsmannahópinn. Emilía benti okkur meðal annars á að við værum að gera marga góða hluti eins og að merkja svæði og gögn með myndum. Kennslugögn/leikföng væru í anda stefnu leikskólans t.d. göngugrind og hjólastóll fyrir dúkkur.

Múlaborg tekur þátt í verkefni í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkur. Við fengum styrk vegna þessa og var ákveðið að vinna með læsi og gera myndband út frá ljóðinu „Hringferð ársins“ Haft var samband við kvikmyndaháskóla Íslands og buðu nokkrir nemendur sig fram til að vinna með okkur. Fyrir valinu urðu þrír nemar sem unnu handrit og leikstýrðu okkur starfsfólkinu og tóku myndir af börnum. Áfram verður lögð áhersla á að vinna með læsi og stefnt á að klára myndbandið út frá ljóðinu. Kennsluaðferðin Leikur að læra verður nýtt til áframhaldandi vinnu með læsi

Starfsfólk Leikskólans sótti ráðstefnu í október á vegum, Leikur að læra, var það góð viðbót í okkar starf sem Leikur að læra leikskóli. Starfsfólk hafði orð á því að því hversu gagnleg þessi ráðstefna reyndist til áframhaldandi starfs í leikskólanum.

Á vorönn var staðan öðruvísi en vanalega vegna verkfalls starfsfólks og í kjölfarið covid-19 veiran.

Rebekka Jónsdóttir

Leikskólastjóri Múlaborg



2 Innra mat

Hvolpadeild

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	---------------------------	------------------------	--------	-------	-------	----------------------------	-------------------------

TMT	Að nota tákn með tali markvist	Nota tákn með tali í samveru- stundum, söngstundum matartímum og fl.	Allir starfsmenn Hvolpadeildar	Sept. 2020	Júní 2021	Verklegt mat á deildarfundum (mánaðarlega)	Að starfsmenn séu virkir að nota TMT
Lubbi finnur málbein	Að læra íslensku málhljóðin	Lubbastund einu sinni í viku - málhljóð vikunnar - orð vikunnar - lesið sögu - sungið lag	Deildarstjóri /starfsfólk deildarinnar	Sept 2020	Júní 2021	Mánaðarleg skráning á deildarfundum	Eitt málhljóð tekið fyrir í viku
Söngstund	Syngja og kenna ný lög	Innleiða lag vikunnar Kenna ný lög	Deildarstjóri Þórhildur	Sept 2020	Mai 2021	Skráning í samverustofu (hvað er lag vikunnar) Skrá ný lög í bók Metið hvernig gengur á deildarfundum á ½ mánaðar fresti.	Að börnin þekki þau lög sem við erum að innleiða
Hópastarf	Hafa þema í skipulögðu hópastarfi	Skipta börnum í þrjá hópa Deildarstjóri undirbýr skýrt og skipulagt hópastarf	Deildarstjóri	Sept 2020	Júní 2021	Safn gögnum (skráning) Fara yfir á deildarfundum á ½ mánaðar fresti.	Að hvert barn fari í hópastarf 1 sinni í viku



Hvolpadeild

TMT

Markmiðið er að starfsfólk noti tákn með tali í öllu starfi deildarinnar (matartímum, samverustundum, söngstundum o.fl.). Starfsfólk þarf að læra og nota nafnatákn barnanna. Allir starfsmenn eru ábyrgðaraðilar. Við byrjum í september og við metum stöðuna á deildarfundum mánaðarlega með prófi (deildarstjóri spyr t.d. „hvernig er táknið fyrir ágúst?“). Í desember eiga allir að nota TMT og kunna tákn allra barnanna.

Söngstund:

Markmiðið er að syngja á hverjum degi í samverustund eftir hádegi og kenna ný lög. Þórhildur sér um að finna ný lög og kennir það á föstudögum í söngsal (sem verður inn á deild) . Einnig ætlum við að innleiða lag vikunnar (á mánudögum) sem verður þá sungið einu sinni á dag út vikuna. Sara sér um lag vikunnar á mánudögum. Við byrjum í september þegar allt faglega starf byrjar. Lag vikunnar verður alltaf skráð í samverustofu þannig að starfsfólk er meðvitað og textinn fylgir með. Þórhildur sér um skráningu á nýjum lögum sem verða kennd verða á föstudögum í „söngsal“. Á deildarfundum (hálfsmánaðalega) verður staðan metin hvernig það gengur.

Lubbi:

Markmiðið er að kenna íslensku málhljóðin. Á mánudögum verður Lubbastund fyrir hádegi. Þar er lesið sögu og sungið lag sem fylgir málhljóð vikunnar. Svo er farið yfir orð vikunnar og hvað það þýðir. Inn í fataklefanum er spjald þar sem verður skráð, um hvaða málhljóð og orð er að ræða í hverri viku þannig að foreldrar geta verið með að kenna og fylgjast með. Deildarstjóri er með ábyrgð yfir Lubba. Við byrjum með fyrsta málhljóðið í byrjun september. Skráning verður gerð mánaðarlega á deildarfundum og þar verður metið hvernig staðan er.

Hópastarf:

Deildarstjóri undirbýr einfalt, skýrt og skipulagt hópastarf samkvæmt þema. Við ætlum að hafa málörvun í samverustofu, borðvinnu í gulu stofu og sköpun í rauðu stofu. Hópnum verður skipt í þrjá hópa og verður hver hópur í u.þ.b. korter í hverri stofu. Við höfum skráningu á hvernig það tókst og endurmetum svo á deildarfundum hálfsmánaðalega. Hópastarfið hefst 7. september þegar aðlögunin er að ljúka. Deildarstjóri er með ábyrgðina.



Ungadeild

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra Foreldra verkefni	Að foreldra verkefni verði 2x í viku í fataklefa		Deildarstjóri og starfsmaður	Sept 2020	Maí 2021	Skráning í dagbók vikulega	Að foreldra verkefni eru alltaf 2x í viku
LAL hópverkefni	Að hafa 2 hópavefni í viku	Sett inn í stundarskrá deildarinnar	Deildarstjóri	Sept 2020	Maí 2021	Skráning í bók og svo tekið saman hvernig til tókst	Að hópavefni verði 2x í viku
Nafnatákn	Kunna og nota tákn allra barnanna	Táknin verða sýnileg upp á veggjum deildar. Kennarar nota táknin í samverustundum og annars staðar.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir framkvæma	Sept 2020	Okt 2020	Verklegt próf/æfingar á deildarfundum.	Að allir starfsmenn kunni nafnatákn barnanna.
Málörvun	Markviss málörvun	Litlir hópar 2 – 3 x í viku	Deildarstjóri	Sept 2020	Mai 2021	Skráning í málörvunarmöppu	Að þau börn sem þurfa meiri málörvun bæti íslenskuna.

Ungadeild

Foreldra verkefni – Leikur að læra.

Foreldra verkefnið Leikur að læra verður sett fram í fataklefa á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum. Þetta eru ákveðin verkefni sem börnin á Ungadeild gera með aðstoð foreldra. Verkefnin eru stutt, taka bara 1-2 mínútur að framkvæma. Við erum að vinna með stærðfræði, líkamann, íslensku og margt annað. Deildarstjóri og ákv. starfsmaður eru ábyrgðaraðilar. Skráð er vikulega í dagbókina hvernig hefur tekist til og svo tekið saman í maí.



Leikur að læra – hópaverkefni

Lal- hópaverkefni verða tvisvar í viku. Einu sinni í stöðvavinnu. Stöðvavinna eru 4 stöðvar og 4 hópar. Eitt verkefni á hverri stöð og svo fer hver hópur á hverja stöð í ca. 12 – 15 min. og vinnur þar verkefni. Svo er skipt. Hitt skiptið verður einn hópur tekinn í einu í græna herbergið og munum við fara í Húsaleikinn. María er ábyrgðaraðili. Skráð í dagbókina hvernig tókst til og svo tekið saman í maí.

Nafnatákn.

Markmiðið er að allir kennarar kunni nafnatákn barnanna. Við notum nafnatáknin í samverustundum og í leik. Nafnatáknin eru upp á við í samverustundum og fataklefa. Við munum kynna markmiðið í byrjun september og prófa hvort allir kunna nafnatáknin á deildarfundi í enda október. Ábyrgðaraðili er María. Skráð í fundargerð deildarfundarins.

Málörvun

Markmiðið er að allir fá þá málörvun er þau þurfa. Það munu vera litlir hópar tvisvar til þrisvar í viku. Við munum hafa málörvunarmöppu þar sem skráð verður hvar, hvenær og hvað var gert. Byrjar í október og endar í maí. Ábyrgðaraðili er María.



Bangsadeild

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Vettvangsferðir	Fjölga vettvangsferðum			Sept 2020	Mai 2021		Að fara í vettvangsferðir r a.m.k. 2x í mánuði.
Foreldra verkefni í LAL	Hafa foreldra verkefni 2x í viku	Finna til verkefnin deginum áður	Deildarstjóri	Sept 2020	Mai 2021		Að þau séu alltaf 2x í viku og foreldrar taka þátt.
Virkja LAL stundir	Að LAL stundir sér 1-2 í viku	Hafa fast í skipulagi	Deildarstjóri	Sept 2020	Mai 2021		Hafa LAL stund 1x í viku.
Hópastarf	Vinna meira með þema	Ákveðið þema í skipulagi sem hver hópstjóri vinnur að ákv. verefni	Deildarstjóri	Sept 2020	Mai 2021		Hópastarf fast 2x í viku. Vinna að ákveðnu verkefni hverja viku.
Læsi	Að passa að læsi sé í öllum athöfnum dagsins, bæði í hópastarfi og daglegu amstri	Minna hvort annað á, vera meðvituð og tala um það	Deildarstjóri	Sept 2020	Mai 2021		Að allir séu meðvitaðir um hvað er læsi í daglegu starfi á deild.



Bangsadeild

Vettvangsferðir:

Við ætlum að reyna fjölga vettvangsferðum og nýta hvert tækifæri til að fara út og kynna börnin fyrir menningu. Til að nefna bókasöfn, menningarsöfn og þess háttar. Á deildarfundum munum við ræða það hvað mætti gera betur og hvort við nýtum hvert tækifæri til vettvangsferða. Deildarfundir eru aðra hvora viku en við munum taka vettvangsferðirnar fyrir 1x í mánuði. Deildarstjóri ber ábyrgð á því.

Foreldraverkefni LAL (leikur að læra):

Setja upp foreldraverkefni 2x í viku. Virkja foreldra til þess að taka þátt með börnunum sínum í verkefnunum. Deildarstjóri sér til þess að taka verkefnin til daginn áður og hafa þau tilbúin um morguninn. Deildarfundir verða svo nýttir í að fara yfir hvort foreldraverkefni LAL sé sinnt eins og það á að gera það, það verður gert 1x í mánuði. Deildarstjóri ber ábyrgð á því.

Virkja LAL (leikur að læra) stundir:

Tileinka sér LAL í hverju sem við erum að gera. Hafa einn dag í viku þar sem við erum með LAL tíma. Skipuleggja vikulega nýtt LAL prógramm og fara eftir því. LAL er nýtt í dans og íþróttum og passa að hafa líka sér tíma þar sem notast er við leikur að læra. Fara yfir það 1x í mánuði á deildarfundum hvernig gengur og hvað mætti gera betur. Deildarstjóri ber ábyrgð á því.

Hópastarf:

Virkja hópastarf, hver og einn starfsmaður vinnur með einn 6-7 barna hóp og nær þá betur að gefa sig að hverju barni. Hver starfsmaður er með sinn hóp í viku og klárar þá það verkefni með hópnum. Þá nær hver hópstjóri að klára verkefni mánaðarins með öllum hópnum. Lubba hópastarf er svo 1x í viku, þá skiptum við hópnum í 3 hópa og einn hópur fer í einu í Lubba verkefni. Farið verður yfir hópastarf á deildarfundum og skoðað hvort hópastarfið sé að ná yfir allt þ.e.a.s. Læsi, Lubba, hringferð ársins og læsi. Deildarfundir verða nýttir í að fara yfir hvernig gengur og hvað mætti gera betur, 1x í mánuði. Deildarstjóri ber ábyrgð á því.

Læsi:

Markmiðið er að efla læsi inn á deild. Allir starfsmenn séu meðvitaðir um læsi og hvernig læsi sé verið að vinna með hverju sinni. Nýta læsi inn í allt sem er gert, hvort sem það er hópastarf, útivera, frjáls leikur eða hvað sem er. Farið yfir læsi á hverjum einasta deildarfundum sem er 2x í mánuði og vera viss um að allir séu meðvitaðir um læsi í starfinu. Deildarstjóri ber ábyrgð á því.

Kisudeild

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Tákn með tali TMT	Kennarar sýna fordæmi með því að nota ávallt TMT	Matartímar, samverustundir og söngstundir	Allir starfsmenn á Kisudeild	Sept 2020	Júní 2021	Metið á deildarfundu m	Að starfsmenn kunni tákn með tali í vor
Söngvar og ljóð	Kenna ný lög og ljóð	Innleiða minnst 6-8 ný lög/ljóð/pulur á tveggja vikna fresti	Thelma/Starfsfólk Kisudeildar	Sept 2020	Júní 2021	Á deildarfundu m	Að börnin læri lög og texta
Lubbi finnur málbein	Að læra íslensku málhljóðin.	Skipulagðar stundir 2-3 í viku	Deildarstjóri /starfsfólk deildarinnar	Sept 2020	Júní 2021	Metið á deildarfundu m með verkefni	Að börnin sému fær í öllum málhljóðu m
Leikur að læra LAL	Ákveðum markmiðum náð með hreyfingu og skynjun.	Sett inn í vikuskipulag Starfsfólk sé meðvitað um tilgang og markmið kennsluaðferðarinnar	Íþróttakennari /allt starfsfólk deildarinnar	S e p t 2 0 2 0	Júní 2021	Metið á deildarfundum	Að starfsmen n séu að tileinkað sér þessa kennsluað ferð.
Foreldra verkefni LAL	Hafa fast tvisvar í viku	Hafa verkefni tilbúin hverja viku	Deildarstjóri/Starf sfólk deildarinnar	Sept 2020	Júní 2021	Metið á deildarfundu m	Að foreldrave rkefni séu 2 ákveðna daga í viku.



Kisudeild

Umbótaþættir sem teknir eru fyrir eru TMT, Söngstundir, Lubbi, LAL, Hópastarf og foreldra verkefni.

Umbótaþættir koma allir á einn eða annan hátt við læsi og grundvallaratriði að læsi sé innleitt með skemmtilegum og líflegum hætti.

TMT (tákn með tali) verður notað í leik og starfi við hvert tækifæri með leiðum eins og tákni vikunnar og virka kennslu í til dæmis söngstundum og við matarborð.

Söngstund verður í vikuskipulagi og verða 6-8 ný, krefjandi og skemmtileg lög innleidd á tveggja vikna fresti. Thelma mun sjá um að fara í gegnum söngbók og uppfæra lagalistann hverju sinni. Einnig má reikna með samvinnu við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og verða söngstundir þá í því þema. Lubbi verður virkjaður og munu vera skipulagðar.

Lubbastundir verður á vikuskipulagi. Allir starfsmenn Kisudeildar munu þekkja Lubba og geta séð um Lubbastund. Skipulagðar LAL (Leikur að læra) stundir verða í dagskipulagi og mun Malgorzata nýta LAL í til dæmis íþróttum og stærðfræðikennslu.

Foreldra verkefni er liður í LAL og verður í boði á þriðjudögum og fimmtudögum og hafa foreldrar þá tækifæri til að taka þátt og fylgjast með hvað börnin eru að gera í leikskólanum í viku hverri.



3 Ytra mat

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerði r til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Rýna í starfsmannakönnu n sem gerð var í vetur	Allir allir þættir verði viðunandi	Efla líðsheild og samvinnu allra starfsmann a	Stjórnendu r	Sept	Mai	Með spurningalistum fyrir hvern og einn og með órsamtölum	Að starfsmnankönnu n komi vel út í öllum þáttum

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl áttu að fara fram í mars og apríl en ekki var hægt að framfylgja því vegna ástands í þjóðfélaginu. Þau verða tekin á haustmánuðum og aftur örsamtöl á vormánuðum.

Áætluð símenntun skólaárið 2020-2021:

Skyndihjálparnámskeið fyrir allt starfsfólk á skipulagsdegi í október.

Ráðstefna hjá Leikur að læra (Ef af verður)

Aðstoðarleikskólastjóri í Forystunám

Þrír starfsmenn í Mastersnám í Leikskólakennarafræðum hjá HÍ

Einn starfsmaður í Grunnám Leikskólakennara

Einn starfsmaður í íslenskukennslu hjá MÍMIR

Einn starfsmaður á ráðstefnu hjá Greiningastöð Ríkisins

Námsferð til Póllands í maí

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við erum í samstarfi við Álftamýraskóli og Álftabæ Frístundarheimili. Samstarfið hefur gengið vel og byrjar á að aðstoðarskólastjóri tekur á mótí börnunum og sýnir þeim skólann. Eftir áramót var haldinn fundur hér á leikskólanum með foreldrum þeirra barna sem fara í grunnskóla um haustið þar sem aðstoðarskólastjóri Álftamýraskóla, yfirmaður Álftabæ og einhver frá íþróttafélaginu koma og kynna íþróttu og skólastarf sem fer fram í hverfinu.

Skipulag næsta skólaárs verður svipað og síðasta skólaárs ef aðstæður leyfa.

Dagsetning	Tími	Verkefni
Október	10:00	Fyrsta heimsókn í Álftamýraskóla
Nóvember	10:50	Íþróttatími með 1.bekk
Nóvember/ Dagur íslenskrar tungu	9:00	Nemendur í 5. bekk koma og lesa fyrir nemendur Múlaborgar á öllum deildum.



Desember	9:00	Aðventuhátíð í Álftamýraskóla. Nemendur Múlaborgar fá heitt kakó og köku
Desember	10:30	Nemendur hittast í söngsal á Múlaborg og skiptast á jólakortum
Janúar	9:00	Fundur með foreldrum elstu barna, Álftamýraskóla, Víking og ÍTR
Febrúar	12:50	Nemendur Múlaborgar taka þátt í vali með 1.bekk
Mars	10:40	Nemendur Múlaborgar taka þátt í íþróttatíma með unglingum
Apríl	9:30	Heimsókn og kynning fyrir börnin í Álftamýraskóla
Apríl	11:30	Nemendur Múlaborgar borða hádegismat í Álftamýraskóla
Maí	11:00	1.bekk í Álftamýraskóla boðið í pulsupartí á Múlaborg
Maí	14:00	Endurmat kennarar á samstarfinu ásamt að skila niðurstöðum úr Hljóm og umsögn um hvert barn

6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð

Í Múlaborg er starfandi foreldraráð og eru tveir til þrír foreldrar kosnir í það. Kosið er í ráðið annað hvert ár og er það gert á Aðalfundi foreldrafélagsins sem er í framhaldi af kynningarfundum Múlaborgar strax að hausti. Foreldrar geta leitað til ráðsins ef þeir telja sig ekki geta leitað til stjórn foreldrafélagsins eða stjórnendur leikskólans. Ráðið fer yfir starfsáætlun hvers árs og gefur umsögn.

Foreldrafélag

Á sama fundi fer fram kosning í stjórn foreldrafélagsins en sú kosning er árlega. Kosið er um formann, gjaldkera og ritara. Á þessum fundi er líka farið yfir allt starf stjórnarinnar yfir árið.

Foreldrafundur

Foreldrafundur er í september og byrjar fundurinn á að leikskólastjóri fer yfir stefnu leikskólans og praktísk mál, síðan tekur stjórn foreldrafélagsins við og kosið er í nýja stjórn (eða endurkosin) og að



lokum fara foreldrar inn á deild síns barns og þar er deildarstjóri ásamt starfsfólki með kynningu á starfi komandi vetri. Foreldraviðtöl fara fram 2x yfir árið, í október og í apríl. Í viðtalinu í október er einstaklingsnámskrá barnsins tilbúin og farið yfir þau markmið sem foreldrar og við viljum ná með barninu yfir veturinn. Í kynningu á því starfi sem fram fer um veturinn. viðtalinu í apríl og farið yfir hvort markmiðin hafi náðst og gerð ný markmið fyrir sumarið. Á sumum deildum geta foreldrar skráð sig á ákveðna tíma en á öðrum úthlutar deildarstjóri foreldrum tíma.

Þegar barn af erlendum uppruna byrjar og foreldrar tala ekki íslensku, boðum við foreldra í viðtal og höfum alltaf túlk með. Við spyrjum hvort það eru sérstakar óskir um túlk en það þarf alltaf að vera túlkur til staðar. Þau fylla út blað með helstu upplýsingum og óskum. Þau eru með barnið í aðlögun í þrjá daga eins og allir aðrir og alltaf er hægt að kalla til túlk ef þarf eða við notum þá tækni sem til er og í samstafi við foreldrana til að koma öllu til skila.

Ef ástandið verður eins og í vor með covid19 þá fara öll viðtöl fram í síma eða í gegnum annan fjarskiptabúnað.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sjö þetta árið þar sem einn féll niður á síðustu önn og var gefið leyfi fyrir að færa hann yfir á næsta skólaár.

- Föstudaginn 4.september
- Mánudaginn 5.október (samræmdur með grunnskóla)
- Mánudaginn 4.janúar (samræmdur með grunnskóla)
- Föstudaginn 12.mars
- Miðvikudaginn 21.apríl
- Föstudaginn 23.apríl
- Mánudaginn 10.maí (samræmdur með grunnskóla)

Fyrirhugað er að fara í námsferð í apríl 2021 (en hún féll niður í maí 2020 vegna covid19).



8 Fylgigögn

- Umsögn foreldraráðs
- Um starfsáætlanir leikskóla

15.sept 2020

F. h. leikskólans Múlaborg

Kristín Árnadóttir Aðstoðarleikskólastjóri og
Rebekka Jónsdóttir Leikskólastjóri



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 **Múlaborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Kosið verður í foreldraráð um leið og tækifæri gefst, stjórn foreldrafélagsins gefur umsögn þetta árið



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Stjórn foreldrafélagsins hefur rýnt starfsáætlunina. Áherslan á Leikur að læra sem hefur verið sett síðustu misseri er að okkar mati góð og hefur reynst vel í starfinu. Síðasta vorönn litaðist mikið af verkfalli og COVID-19 en heilt yfir eru foreldrar ánægðir með starfið.

Upplýsingagjöf frá skólanum er að mörgu leyti góð og má þar helst nefna mjög góða föstudagspósta frá deildarstjórum og tússtöflur í fataklefum þar sem sett er upp hver voru helstu verkefni dagsins. Það er helst á tveimur öðrum sviðum sem foreldrar kynnu að meta betri upplýsingagjöf en það er annars vegar miðlæg upplýsingagjöf frá stjórnendum leikskólans um t.d. innihald skipulagsdaga og



dagleg upplýsingagjöf til foreldra um þeirra börn t.d. um matarlyst. Við gerum okkur grein fyrir að það er sífelluverkefni að halda þessari upplýsingagjöf góðri og viljum við veita aðhald í þessum málum og hvetja til að tekið verði vel utan um þetta. Þess má geta að á haustönn hafa nú þegar verið tekin skref til úrbóta í þessum málum.

Starfsáætlunin er vel útfærð. Markmið og mælikvarðar skýr og áherslurnar sem kennarar og skólastjórnendur eru að setja eru góðar. Samstarfið við Álftamýrarskóla er vel útfært og vonandi hindrar Covid19 ekki að sú áætlun gangi eftir í vetur eins og hún gerði seinasta vetur. Gott væri að hafa í bakhöndinni varaplan sem gæti komið í staðinn ef að ekki er talið raunhæft að blanda þessum tveimur skólastigum saman í raunheimum vegna sóttvarna. .

Í lýsingu á því hvað skal felast í ytra mati er talað um að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Í kaflanum um ytra mat í starfsáætluninni er einungis fjallað um starfsmannakönnun en ekki foreldrakönnun. Við viljum hvetja til að foreldrakönnun verði framkvæmd í vetur og nýtt ásamt starfsmannakönnun í ytra mat.





ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		
1	L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F	Skírdagur	1 L	Verkalyðsdagurinn	1 Þ	
2	S		2 M		2 F	Bleikur dagur	2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Föstudagurinn langi	2 S		2 M	
3	M	Frídagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F	
4	Þ		4 F	Skipulagsdagur	4 S		4 M		4 F		4 M	Skipulagsdagur samræmdur	4 F		4 F		4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F	Gulur dagur
5	M		5 L		5 M	Skipulagsdagur samræmdur	5 F		5 L		5 Þ		5 F	Fjölublár dagur	5 F	Brúnn dagur	5 M	Annar í páskum	5 M		5 L	
6	F	Leikskólinn opnar	6 S		6 Þ		6 F	Ófugur dagur	6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S	Sjómannadagurinn
7	F		7 M		7 M		7 L		7 M	Jólaverkstæði	7 F		7 S	Dagur stærðfræðinnar	7 S		7 M		7 F	Grænn dagur	7 M	
8	L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	Jólaverkstæði	8 F	Hvítur dagur	8 M		8 M		8 F		8 L		8 Þ	
9	S		9 M		9 F		9 M		9 M	Jólaverkstæði	9 L		9 Þ		9 Þ		9 F	Blár dagur	9 S		9 M	
10	M		10 F		10 L		10 Þ		10 F	Jólaverkstæði	10 S		10 M		10 M		10 L		10 M	Skipulagsdagur samræmdur/ Menntastefnumót	10 F	
11	Þ		11 F	Appelsínugulur dagur	11 S		11 M		11 F	Rauður dagur	11 M		11 F		11 F		11 S		11 Þ		11 F	
12	M		12 L		12 M	Foreldraviðtöl	12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F	Skipulagdagur	12 M		12 M		12 L	
13	F		13 S		13 Þ	Foreldraviðtöl	13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Uppstigningardagur	13 S	
14	F		14 M		14 M	Foreldraviðtöl	14 L		14 M	Kaffihúsavika	14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M	
15	L		15 Þ		15 F	Foreldraviðtöl	15 S		15 Þ	Kaffihúsavika	15 F		15 M	Bolludagur	15 M		15 F		15 L		15 Þ	
16	S		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F	Foreldraviðtöl	16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M	Kafihúsavika	16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ		16 F		16 S		16 M	
17	M		17 F		17 L		17 Þ		17 F	Kaffihúsavika	17 S		17 M	Öskudagur	17 M		17 L		17 M		17 F	Lýðveldisdagurinn
18	Þ		18 F		18 S		18 M		18 F	Jólaball ????	18 M		18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F	
19	M		19 L		19 M	Foreldraviðtöl	19 F		19 L		19 Þ		19 F	Konudagskaffi	19 F		19 M		19 M		19 L	
20	F		20 S		20 Þ	Foreldraviðtöl	20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ	Barnamenningarhátíð	20 F		20 S	
21	F		21 M		21 M	Foreldraviðtöl	21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 S		21 M	Skipulagsdagur	21 F		21 M	
22	L		22 Þ		22 F	Foreldraviðtöl	22 S		22 Þ	Jólamatur barna ?	22 F	Bóndadagur	22 M		22 M		22 F	Sumardagurinn fyrsti/ Barnamenningarhátíð	22 L		22 Þ	
23	S		23 M		23 F	Foreldraviðtöl	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ		23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S	Hvítasunnudagur	23 M	
24	M		24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M		24 L	Barnamenningarhátíð	24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F	
25	Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F		25 F		25 S	Barnamenningarhátíð	25 Þ		25 F	
26	M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F		26 F		26 M		26 M		26 L	
27	F		27 S		27 Þ	Alþjóðlegur Bangsadagur/ Náttfata og bangsadagur	27 F	Glimmer dagur	27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S	
28	F	Regnbogadagur	28 M		28 M		28 L		28 M		28 F		28 S		28 S	Pálmásunnudagur	28 M		28 F		28 M	
29	L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ		29 F				29 M		29 F		29 L		29 Þ	
30	S		30 M		30 F		30 M		30 M		30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M	
31	M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M			

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru sex og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnenndur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.